



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Árnesi, 8.4.2024

12. fundur skólanefndar

Fundartími: 15:30 – 18:00

Boðaðir: Vilborg Ástráðsdóttir; Bjarni Hlynur Ásbjörnsson; Sigríður Björk Marinósdóttir; Anna María Flygenring; Bolette Höeg Koch; Anna Greta Ólafsdóttir; Ingibjörg María Guðmundsdóttir; Elvar Már Svansson; Helga Guðlaugsdóttir; Halla Rún Erlingsdóttir; Matthildur María Guðmundsdóttir; Ingvar Hjálmarsson.

Fundarstjóri: Vilborg Ástráðsdóttir

Ritari: Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Fjarverandi: Ingvar Hjálmarsson og Elvar Már Svansson boðuðu forföll.

Varamenn: Gunnhildur Valgeirsdóttir

Gestir:

Fundanúmer í WorkPoint : F202404-0016

Vilborg Ástráðsdóttir, formaður skólanefndar setti fund kl. 15:35 og bauð fólk velkomið. Hún spurðist fyrir um það hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboðið. Svo var ekki og var gengið til dagskrár.

Matthildur María Guðmundsdóttir lagði til að dagskrá fundarins yrði breytt þannig að fjallað yrði sameiginlega um skóladagatöl Þjórskóla og Leikholts. Formaður ákvað að dagskrá yrði ekki breytt.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Þjórskóli - Skóladagatal Þjórskóla

- -

Formaður lagði fram drög að skóladagatali Þjórskóla fyrir skólaárið 2024 - 2025, ásamt staðfestu skóladagatali Flúðaskóla. Skólastjóri fór yfir skóladagatalið. Þjórskóli verður settur 21. ágúst, vetrarfrí 17. og 18. febrúar og skólaslit þann 30. maí 2025. Dagatalið hefur verið unnið í samstarfi við Flúðaskóla. Skólaráð og kennarafundur hafa staðfest skóladagatalið.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd samþykkir skóladagatal Þjórskóla.

2. Þjórskóli - skýrsla skólastjóra

- -

Skólastjóri lýsti starfi skólans frá síðasta skólanefndarfundi. Ljósmyndari kom í skólann og tók myndir af skólastarfinu. Tónlistarskóli Árnesinga var með kynningu á sínu starfi. Breytingar á skólahúsnæðinu hafa verið kynntar starfsmönnum og nemendum. Skíðaferð tókst með ágætum. Kennarar eru duglegir að sækja sér endurmenntun og hafa setið námskeið BOFS (Barna- og fjölskyldustofu) um kynferðislegt ofbeldi. Árs hátíð skólans tókst vel með nýjum leikstjóra og 6. og 7 bekkur fóru á generalprufu árs hátíðar Flúðaskóla. Skólapúlsinn tilheyrir innra mati skólans. Gerð var foreldrakönnun í febrúar. Svarhlutfall var 87,1%. Könnunin er í sex köflum.

Niðurstöður hennar má finna í fylgiskjali með fundinum.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd þakkar skólastjóra fyrir skýrsluna.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

3. Þjósárskóli - Framvinda á breytingum á skólaumhverfi í samræmi við rekstur heildstæðs grunnskóla

- -

Formaður lagði fram yfirlit yfir breytingar á innra skipulagi Þjósárskóla sem verða framkvæmdar í vor og sumar og eru þær niðurstöður úr samtölum og í samráði við kennara og skólastjóra Þjósárskóla. Á vormánuðum verða gerðar minniháttar breytingar á kjallara Þjósárskóla og nemendum ætlað að koma fram með tillögum að uppröðun húsgagna, litavali á veggkjallarans ásamt staðsetningu leiktækja. Hljóðvist verður könnuð sérstaklega og gripið til aðgerða til að bæta hana ef þarf. Í sumar verður m.a. ráðist í að taka niður vegg, opna útvegg og setja glugga og rennihurð þar, til þess að auka birtumagn í kjallaranum. Breytingarnar á skólahúsnæðinu verða framkvæmdar í skrefum á forsendum skólastefnunnar, nemendalýðræðis og hagkvæmissjónarmiða. Kennarar og skólastjóri Þjósárskóla hafa að undanförunni verið að velja ný húsgögn fyrir nemendur sem og að vinna að breytingatillögum á rýmum vegna fjölgunar á yngsta stigi grunnskólans og áætlunum um aukna teymiskennslu. Lagðar voru fram teikningar að breytingum á Þjósárskóla, eins og þær liggja fyrir nú. Þetta er sú áætlun sem unnið verður eftir. Teikningar af breytingum á innra skipulagi skólans fara á næstu vikum til þar til bærra yfirvalda – til rýningar og samþykka.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd lýsir ánægju sinni með fyrirhugaðar framkvæmdir og þær breytingar sem eru að verða á skólahúsnæðinu.

Anna Greta, Helga og Halla mættu á fund kl. 16:25.

4. Sameiginlegt - Skólastefnan, útgáfa til dreifingar og prentunar

- -

Formaður lagði fram prentútgáfu af skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2023 - 2028. Stefnan er þar dregin fram á skýran hátt og er auðlæsileg þar sem hinar 7 vörður skólastefnunnar eru skýrðar, ásamt markmiðum sem sett hafa verið undir hverri vörðu fyrir sig. Bent var á að bæta mætti útlit prentútgáfunnar þar sem gætt væri meira samræmis á framsetningu á markmiðum hverrar vörðu, sem og leturgerð og jöfnun texta. Ábendingum verður komið til hönnuðar prentútgáfunnar.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd þakkar Mannlind fyrir útgáfuna og samþykkir að skólastefnan verði lagfærð, prentuð og sett í dreifingu. Málinu vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

5. Sameiginlegt - Fundargerðir framkvæmdanefndar

- -

Formaður lagði fram fundargerðir Framkvæmdanefndar nr. 1, 2 og 3 til kynningar.

6. Sameiginlegt - Starfsáætlun skólanefndar veturinn 2024-2025

- -

Formaður lagði fram starfsáætlun skólanefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir skólaárið 2024 - 2025.

Stefnt er að því fundir verði haldnir síðasta fimmtudag í mánuði. Fundir verði aðgreindir fyrir skólastigin. Með þessu er ætlast til þess að áheyrnarfulltrúar sitji aðeins þann fund sem fjallar um málefni sem tilheyra þeirra skólastigi.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd samþykkir starfsáætlun skólanefndar 2024 - 2025.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

7. Sameiginlegt - Umsóknir til Þróunarsjóðs skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps

- -

Umræður urðu um hæfi áheyrnarfulltrúa við yfirferð á fram lögðum umsóknum. Áheyrnarfulltrúar komu með tillögu um að skólanefnd færi yfir umsóknirnar í lok fundarins.

Samþykkt var að þessi dagskrárliður yrði færður aftast í fundardagskrá.

8. Sameiginlegt - erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

- -

Formaður lagði fram til kynningar erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þess efnis að opið væri fyrir tilnefningar til íslensku menntaverðlaunanna, en þær þurfa að berast fyrir 1. júní næstkomandi.

Bolette og Ingibjörg véku af fundi kl. 17:15.

9. Leikholt - Drög að niðurstöðum vinnuhóps leikskólalóðar

- -

Leikskólastjóri kynnti drög að niðurstöðum vinnuhóps um breytingar á lóð Leikhólts og svaraði spurningum sem komu fram. Formaður þakkaði fyrir gott starf í vinnuhópnum.

Skólanefnd samþykkir drögin og beinir því til sveitarstjórnar að hefja framkvæmdir í sumar.

10. Leikholt - Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins

- -

Leikskólastjóri kynnti niðurstöður foreldrakönnunar leikskóla sem framkvæmd var í febrúar 2024. Fjöldi þátttakenda voru 37. 32 svöruðu könnuninni sem gerir 86,5% svarhlutfall. Leikskólastjórinn svaraði spurningum sem fram komu.

11. Leikholt - skóladagatal Leikhólts

- -

Formaður lagði fram drög að skóladagatali Leikhólts fyrir skólaárið 2024 - 2025. Skóladagatalið á eftir að fá formlega umsögn foreldraráðs.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd frestar afgreiðslu skóladagatals Leikhólts til næsta fundar.

12. Leikholt - skýrsla leikskólastjóra

- -

Leikskólastjóri lýsti starfi skólans frá lokum febrúar til apríl byrjunar. Ljósmyndarar tóku myndir af skólastarfinu sem voru afhentar leikskólanum til eignar, einnig voru teknar ljósmyndir af börnunum, bæði einstaklings- og hópmyndir. Sú myndataka var á vegum foreldrafélagsins og fer fram annað hvert ár. Frá síðasta skólanefndarfundi fjölgar í hópi barna, tvö eru þegar komin í leikskólann og það þriðja kemur í byrjun maí. Auk niðurstöðu úr foreldrakönnun er beðið eftir niðurstöðum úr starfsmannakönnun skólapúlsins. Matarmálin og hollustuhættir hafa verið til endurskoðunar og er markmiðið að bæta hollustuhætti í morgunverði og kaffitímum. Vinnustytting gekk betur upp á síðasta skólaári en nú, en skólinn er vel mannaður svo það kemur ekki að sök. Skjalavistunaráætlun var unnin í samvinnu við Héraðsskjalasafn Árnesinga og var hún samþykkt af leikskólastjóra í mars. Umræður urðu um málið.

Skólanefnd þakkar leikskólastjóra fyrir skýrsluna.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Anna Greta, Halla, Helga og Matthildur fóru af fundi kl. 19:00.

Umsóknir til Þróunarsjóðs skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Formaður lagði fram fjórar umsóknir sem bárust í Þróunarsjóð skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

- Umsókn um styrk úr þróunarsjóði vegna námsferðar starfsmanna Þjósárskóla í júní 2024.
- Umsókn um Innigarð í Leikholti, uppsetningu á lóðréttum garði í Leikholti.
- Umsókn um þróunarverkefni, Sjá, snerta, skynja og skapa, fyrir börn í Leikholti á aldrinum 1-2 ára með áherslu á skynjun og sköpun.
- Umsókn um eflingu útivistarkennslu barna í Leikholti, Á skíðum skemmti ég mér.

Skólanefnd fór yfir umsóknirnar.

Umsókn um styrk úr þróunarsjóði vegna námsferðar starfsmanna Þjósárskóla í júní 2024.

Skólanefnd metur umsóknina svo, að hún falli að einhverju leyti að gildandi skólustefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og telur mjög jákvætt að leitað sé leiða til að auka víðsýni með heimsóknum í aðra skóla og að efla starfsmannahópinn í heild og þá sérstaklega í ljósi þess að framundan eru krefjandi tímar í breytingum á skólahúsnæði.

Það er þó ljóst að upplýsingar skortir um faglega stefnumörkun þeirra skóla sem áætlað er að heimsækja og hvernig megi líta á það sem ávinning fyrir skólasamfélagið. Einnig skortir sundurliðaða kostnaðaráætlun.

Skólanefnd vísar málinu til sveitarstjórnar, til afgreiðslu.

Umsókn um þróunarsjóð skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahreppi vorönn 2024.

„Innigarður“

Skólanefnd metur umsóknina þannig að hún fellur að gildandi skólustefnu og ávinning fyrir skólasamfélagið, á þann hátt að hún eflir fjölbreytileika í starfi leikskólans og að börn geti skapað, hannað og upplifað afrakstur eigin vinnu. Verkefninu er m.a. áætlað að auka samvinnu við nærsamfélagið og auka fjölbreytileika í kennsluháttum leikskólans.

Verkefnið er vel kynnt, markmið skilgreind og skipulag gott. Kostnaðaráætlun er skilgreind.

Skólanefnd beinir því til sveitarstjórnar að samþykkja að veita verkefninu fjármagn og gera samhliða kröfu um skriflegan samning við styrkþega í samræmi við reglur sjóðsins. Að verkefni loknu skal styrkþegi skila greinagerð um verkið í samræmi við 6.gr. sjóðsins.

Umsókn um styrk úr Þróunarsjóði skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Sjá, snerta, skynja og skapa.

Skólanefnd metur umsóknina þannig að hún telst falla að gildandi skólustefnu og ávinning fyrir skólasamfélagið á þann hátt að verkefnið eflir tækifæri til skynjunar og sköpunar hjá yngsta aldurshópi leikskólans. Verkefninu er ætlað að efla leikskólann í að vinna með vitsmuna-, tilfinninga- og félagslegan þroska barnanna.

Verkefnið er vel kynnt, markmið skilgreind og skipulag gott. Kostnaðaráætlun er skilgreind.

Skólanefnd beinir því til sveitarstjórnar að veita verkefninu fjármagn og gera samhliða kröfu um skriflegan samning við styrkþega í samræmi við reglur sjóðsins. Að verkefni loknu skulu styrkþegar skila greinagerð um verkið í samræmi við 6.gr. sjóðsins.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Umsókn í þróunarsjóð Skeiða- og Gnúpverjahrepps vorönn 2024.

„Á skíðum skemmti ég mér“

Skólanefnd metur umsóknina þannig að hún telst falla að gildandi skólastefnu og ávinning fyrir skólasamfélagið á þann hátt að verkefnið eflir útivist og er ætlað að örva líkamsfærni og jafnvægi barnanna og efla markvissa útivistarkennslu í leikskólanum.

Verkefnið er vel kynnt, markmið skilgreind og skipulag gott. Ávinningur fyrir skólasamfélagið og nemendur eru vel ígrunduð. Kostnaðaráætlun er skilgreind.

Skólanefnd beinir því til sveitarstjórnar að veita verkefninu fjármagn og gera kröfu um skriflegan samning við styrkþega í samræmi við reglur sjóðsins. Að verkefni loknu skulu styrkþegar skila greinagerð um verkið í samræmi við 6.gr. sjóðsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19:25

Þeir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.

Undirritunarsíða

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Vilborg María Ástráðsdóttir

Gunnhildur Fjóla Valgeirsdóttir

Anna María Flygenring

Sigríður Björk Marinósdóttir